

L Ö G

60

25. maí

um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Veita skal sérstaka tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum 20 þúsund kr. eða lægri, álogðum 1950. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur gjaldanda með 20 þúsund krónur í hreinar árstekjur, og konu og barn á framfæri, miðað við Reykjavík, skal lækkaður um $33\frac{1}{3}$ af hundraði.

Þeirrar hlutfallslækkunar í tekjuskatti, sem þessi gjaldandi fær, skulu allir þeir njóta, sem jafnháan eða lægri tekjuskatt hafa, þó aðeins þeir er hljóta niðurfærslu tekna samkv. 14. gr. laga nr. 20/1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

61

25. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 2 millj. dollara lán, sem efnahagssamvinnustjórnin í Washington veitir fyrir milligöngu Export Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.